

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn tilnefndir af dómsmálaráðuneytinu til 5 ára í senn. Ef þess er kostur, skulu tveir stjórnarmenn vera úr hópi ættingja Sigurliða og Helgu, þannig að ættingjar hvors þeirra eigi fulltrúa í stjórninni, en 3. maðurinn skal vera prófessor við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og er hann formaður sjóðsstjórnar. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, tilnefnir dómsmálaráðuneytið nýja stjórnarmenn. Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum, ef bú er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann telst ekki að mati dómsmálaráðuneytisins verður til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júní næsta ár á eftir reikningsári. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

Greiða má þóknun til stjórnarmanna og ákveður þá dómsmálaráðuneytið þóknunina með hliðsjón af þeirri vinnu, sem lögð hefur verið fram í stjórnarstarfið.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 506.

17. júlí 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði.

Í samræmi við erfðaskrá hjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, dags. 31. 8. 1971, og viðbótarerfðaskrá Helgu Jónsdóttur, dags. 3. 7. 1974, stofna undirritaðir forstjórar í dánarbúi þeirra hjóna sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er stuðningur við nýjungar í læknisfræði, einkum á sviði heila- og hjartaskurðaðgerða, augnlækninga og öldrunarsjúkdóma.

Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 12.5% af nettósöluandvirði eignarhluta hjónanna í fyrirtækinu Silli & Valdi, reiðufé og skuldabréf. Stofnfé skal haldast óskert. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn tilnefndir af dómsmálaráðuneytinu til 5 ára í senn. Ef þess er kostur, skulu tveir stjórnarmenn vera úr hópi ættingja Helgu og Sigurliða, þannig að ættingjar hvors þeirra eigi fulltrúa í stjórninni, en 3. maðurinn skal vera prófessor í læknisfræði við læknaeild Háskóla Íslands og er hann formaður sjóðs-stjórnar. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, tilnefnir dómsmálaráðuneytið nýja stjórnarmenn. Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum, ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann telst ekki að mati dómsmálaráðuneytisins verður til að sitja áfram í stjórn sjóðsins

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júní næsta ár á eftir reikningsári. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

Greiða má þóknun til stjórnarmanna og ákveður þá dómsmálaráðuneytið þóknunina með hliðsjón af þeirri vinnu, sem lögð hefur verið fram í stjórnarstarfið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. júní 1980.

Nr. 507.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Haraldarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Haraldarsjóð.

Ég undirritaður Haraldur Guðnason (3772-9051) frá Eyjólfsstöðum, Vallahreppi, S-Múlasýslu stofna með eftirfarandi skipulagsskrá sjóð til minningar um foreldra mína Vilborgu Kristjánsdóttur og Guðna Björnsson frá Stóra Sandfelli í Skriðdal.

1. Sjóðurinn heitir Haraldarsjóður og skal vera í vörslu Vinnuheimilisins að Reykjalundi.